

Skipulagsstofnun  
Jakob Gunnarsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun	
Áb.	_____
23 OKT. 2008	
47.0	
Tilv.	_____



Reykjavík, 21. október 2008  
Tilvísun: UST20081000037/ksj

### Flokkunar - og endurvinnslustöð Seyru ehf á Siglufirði.

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar er barst þann 7. október sl. þar sem óskað er umsagnar í samræmi við 6. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. 11 gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um hvort og á hvaða forsendum flokkunar- og endurvinnslustöð Seyru ehf á Siglufirði skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka í framangreindum lögum.


### Framkvæmd


Seyra ehf Siglufirði hyggst starfrækja flokkunar- og endurvinnslustöð að Vetrarbraut 21 – 23 á Siglufirði. Áætlað er að flokkunarmiðstöðin muni taka við allt að 400 tonnum af heimilisúrgangi á ári og auk þess mun miðstöðin taka við allt að 100 tonnum af flokkuðum pappírs-, pappa- og plastúrgangi frá fyrirtækjum á ári. Í miðstöðinni á að jarðgera allt að 200 tonnum af lífrænum heimilisúrgangi auk stoðefna sem eru timbur og garðaúrgangur. Baggaður óendurvinnanlegur úrgangur er fluttur til urðunar í Skagafirði og verður það gert áfram. Starfsemi flokkunarmiðstöðvarinnar mun fara fram innandyra í húsnæðinu að Vetrarbraut 21 – 23.

### Niðurstaða

Í ljósi þess sem fram kemur í gögnum er fylgja erindinu, þar með talin tillaga að starfsleyfi með kröfum til að halda lyktarmengun innan marka sem og um meðferð spilliefna, telur Umhverfisstofnun að ofangreind flokkunar- og endurvinnslustöð sé ekki líkleg til að hafa í för með sér veruleg umhverfisáhrif.

Virðingarfyllt

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

Skipulagsstofnun